



Borgarráð

**Viðauki við fjárhagsáætlun 2023****1. Dalslaug**

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 12.000 þ.kr. vegna stöðugildis í Dalslaug. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-12.000
MIR	15065	Dalslaug	Til	12.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun með tillögunni.

**Greinargerð:**

Áætlað er að rennibraut í Dalslaug verði opnuð í júní. Vaktturn vegna rennibrautar kemur að öllum líkindum um áramót og á meðan þarf að vera með aukastarfsmann vegna vöktunar á brautinni. Verði rennibrautin opin alla daga milli 10 – 18 þarf að auka um 160% stöðugildi fram til áramóta og að kostnaðurinn er um 12 m.kr.

**2. Tilraunaverkefni um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi**

Lagt er til að fjárheimildir menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs hækki um 5.192 þ.kr. til að fjármagna tilraunaverkefni um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi. Verkefnið er ófjármagnað. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-5.192
MIR	xxx	Samrekið bókasafn á Kjalarnesi	Til	5.192
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

**Greinargerð:**

Á 83. fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þann 28. nóvember 2022 var samþykkt að vísa til borgarráðs vegna fjárhagsáætlunar 2023 tillögu að tilraunaverkefni um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi, sbr. 6. lið fundargerðar sama fundar. Í desember

2022 var tilraunaverkefnið samþykkt í borgarráði. Verkefnið er ófjármagnað í fjárhagsáætlun 2023. Verkefnið er tilraunaverkefni til eins árs.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri